

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingarmála í Fjarðabyggð.

1. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

1.1 *Byggingarleyfi og gjald vegna tilkynningarskyldra bygginga.*

Byggingarleyfisgjaldi vegna nýbyggingar stærri en 15 m² er skipt í fast gjald og gjald fyrir hvern rúmmetra byggingar.

Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning lóðar og byggingarreits húss, öryggis- og lokaúttekt (eitt skipti á hvora) og eftirlit byggingarfulltrúa skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Rúmmetragjald fyrir byggingar stærri en 15 m ²	236 kr./m ³
Byggingar 15-60 m ²	124.293 kr.
Byggingar stærri en 60 m ²	217.509 kr.
Yfirferð teikninga og umsýsla (undanþegin leyfisgjaldi í lið 1.1)	15.538 kr./klst.
Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna er umfram innheimt leyfisgjald)	22.294 kr./klst.
Gjöld vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdráttu	samkvæmt reikningi
Meiri háttar framkvæmdir undanþegnar hefðbundinni gjaldtöku.	65.027 kr.
Niðurrif mannvirkja	31.072 kr.
Breyting á skráningu byggingar	31.072 kr.
Lágmarksgjald vegna móttöku byggingarleyfisumsóknar	15.537 kr.
Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja byggingarleyfisumsókn sem tekin er til umfjöllunar í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd.	

Gjöld skv. 1. gr. eru óendurkræf þótt lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.

1.2 *Gjöld vegna stöðuleyfa.*

Stöðuleyfisgjöld eru miðuð við hvern fermetra lausafjarmunar. Lágmarksviðmunarstærð stöðuleyfisgjalda er miðuð við 15 m². Gjald miðar við útgáfu stöðuleyfis. Stöðuleyfi eru að hámarki veitt til 12 mánaða í senn.

Stöðuleyfisgjald lausafjarmuna	3.550 kr./m ²
--------------------------------	--------------------------

1.3 *Leigugjöld á skipulögðum gámasvæðum, iðnaðarlóðum og dreifbýli*

Leigugjald fyrir 0-15 m² eða minna (jafngildir 20 feta gámi) veitt til eins árs í senn 59.184 kr. á ári. Miðað er við almanaksár.

Leigugjald fyrir 16-30 m² (jafngildir 40 feta gámi), veitt til eins árs í senn 98.639 kr. á ári. Miðað er við almanaksár.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

2.1 *Leyfisveitingar og úttektir.*

Aðrar leyfisveitingar, úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, húsaleiguúttektir, umsagnir vegna rekstrarleyfa o.fl.)	31.071 kr.
Úttektir vegna byggingarstjóraskipta	31.071 kr.
Úttektir vegna meistaraskipta	31.071 kr.
Stöðuúttektir (undanþegnar leyfisgjaldi í lið 1.1)	31.071 kr.
Lágmarksgjald vegna annarra leyfisveitinga	15.537 kr.
2.2 Afgreiðslur:	
Afgreiðslur eignaskiptayfirlýsinga	62.147 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga	skv. reikningi Þjóðskrár
Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðarhafa	62.147 kr.
Umsýslugjald vegna lóðarúthlutuna	56.861 kr.
Umsýslugjald vegna stofnunar lóða	31.071 kr.
Gjald vegna kostnaðar Þjóðskrár Íslands vegna stofnunar lóðar	samkvæmt reikningi
Umsýslugjald vegna útsetningar lóðarmarka að beiðni lóðarhafa	15.537 kr.
Gjald vegna kostnaðar við lóðarútsetningu	samkvæmt reikningi
Efnistökualeyfi	40.440 kr.
Lágmarksgjald vegna annarra afgreiðslna	15.537 kr.

3. gr.

Meginreglur vegna breytinga á aðal- og/eða deiliskipulagi.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttu, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulags- og byggingarfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er, vegna umfangs, verulega umfram viðmiðunargjald verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 15.537 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Skilgreiningar:

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdrætti.

3.1 *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.*

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., aðkeypt vinna	samkvæmt reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	83.125 kr.

3.2 *Kostnaður vegna deiliskipulags.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., aðkeypt vinna	samkvæmt reikningi
Veruleg breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., aðkeypt vinna	samkvæmt reikningi
Óveruleg breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., aðkeypt vinna	samkvæmt reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. og 2. mgr. 43. gr.	83.125 kr.

3.3 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, viðmiðunargjald	179.553 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir	74.801 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar minni framkvæmdir	31.073 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	15.537 kr.
Lágmarksgjald vegna annars kostnaðar við leyfisveitingar	15.537 kr.

4. gr.

Einingarverð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi 1. maí 2026.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1351/2025.

*Fjarðabyggð, 22. apríl 2026.***Jóna Árný Þórðardóttir** bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. apríl 2026